

Fimmtudaginn 9. desember 1993.

Nr. 272/1991. **Guðmundur Snæbjörnsson**

(Jón Ólafsson hrl.)

gegn

Ásu Snæbjörnsdóttur,

Bergþóru Snæbjörnsdóttur,

Guðrúnu Snæbjörnsdóttur og

Hildi S. Ottesen

(Hjalti Steinþórsson hrl.).

Skiptamál. Óskipt bú.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. júní 1991. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar úr þeirra hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað fyrir Hæstarétti falla niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Árnassýslu 15. apríl 1991.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. f. m., er höfðað fyrir aukadómþinginu af Ásu Snæbjörnsdóttur, Hólmgarði 46, Reykjavík, Bergþóru Snæbjörnsdóttur, Hlíð, Grímsneshreppi, Árnassýslu, Guðrúnu Snæbjörnsdóttur, Efstadal II, Laugardalshreppi, Árnassýslu, og Hildi S. Ottesen, Jörfabakka 28, Reykjavík, á hendur Guðmundi Snæbjörnssyni, Syðribrú, Grímsneshreppi, Árnassýslu, og skiptaráðandanum í Árnassýslu f. h. dánarbús

Snæbjörns Guðmundssonar með stefnu, fram lagðri í dóm 27. júní 1990.

Dómkröfur stefnenda eru þær aðallega, að kaupsamningur stefnda Guðmundar Snæbjörnssonar og Snæbjörns Guðmundssonar, dags. 26. júní 1982, um jörðina Syðribrú í Grímsneshreppi verði dæmdur ógildur. Til vara er þess krafist, að nefndum kaupsamningi verði rift. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum eftir mati réttarins auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Endanlegar dómkröfur stefnda Guðmundar eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnenda og að þeim verði gert að greiða sér málskostnað að mati réttarins auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Af hálfu dánarbús Snæbjörns Guðmundssonar hafa engar kröfur verið gerðar í málinu.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur fyrir dómi stefnendur, stefndi Guðmundur Snæbjörnsson, Sigurður Sveinsson héraðsdómslögmaður, Kjartan T. Ólafsson vélfræðingur, Kristján Birgir Kristjánsson vélstjóri og Óskar Ögmundsson, starfsmaður Landsvirkjunar.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnendur lýsa málavöxtum svo, að 6. febrúar 1939 hafi látist Hildur H. Magnúsdóttir, móðir stefnenda og eiginkona Snæbjörns Guðmundssonar, en þau hafi þá búið að Gjabakka í Þingvallahreppi. Átta börn þeirra hafi öll verið ófjárráða, er móðir þeirra lést. Engin skipti hafi farið fram á búi Hildar og Snæbjörns eftir lát Hildar, og leyfi til handa Snæbirni til setu í óskiptu búi hafi ekki verið gefið út. Engu að síður hafi hann haft forræði á búinu, líkt og um setu í óskiptu búi væri að ræða. Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að síðari hluta sumars árið 1982 hafi þær haft spurnir af því, að Snæbjörn hygðist selja syni sínum, stefnda Guðmundi, jörðina Syðribrú í Grímsneshreppi og að kaupverð væri langt undir sannvirði. Þessu hafi stefnendur mótmælt, er þeim var kunnugt um söluna, og gert Snæbirni ljóst, að móðurarfur barna hans stæði inni í búinu, enda hefðu skipti ekki farið fram eftir konu hans. Í framhaldi af þessu hefði Snæbjörn gert reka að því að skipta arfi með börnum sínum eftir konuna, en við þá tilraun til skipta hefði verið viðhöfð aðferð, sem eigi sér hvergi stoð í skiptalögum, auk þess sem hvorki hefði verið leitað leyfis til einkaskipta né gengið frá erfðafjárskýrslu. Stefnendur hefðu hafnað þessum málamyndaskiptum og ekki veitt viðtöku greiðslum, sem þeim voru sendar vegna þeirra.

Hinn 19. júní 1984 lést Snæbjörn Guðmundsson. Voru eignir búsins þá skrifaðar upp og virtar. Jörðin Syðribrú var þó eigi skrifuð upp

sem eign í búinu, enda hafði Snæbjörn afsalað henni til Guðmundar, sonar síns.

Af hálfu stefnenda er til þess vísað, að erfingjar hafi eigi komið sér saman um skipti og því verið óskað opinberra skipta. Á fyrsta skiptafundi í búinu 14. desember 1984 hafi verið bókað eftir stefnendum, að þeir teldu búi móður sinnar óskipt og að föður þeirra hefði skort heimild til ráðstöfunar á eignum búins. Nokkrar viðræður hefðu farið fram með lögmennum málsaðila um skiptin og þeir talið, að samkomulag væri komið á um skipti á búinu, þar sem tekið væri tillit til sjónarmiða beggja aðila. Því hafi búið verið framselt til einkaskipta 3. október 1985. Þegar á reyndi, hafi hins vegar ekki tekist að ná fullu samkomulagi milli erfingja um skiptin þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Búið hafi því að nýju verið tekið til opinberra skipta árið 1987, en þar hafi ítrekaðar sáttatilaunir reynst árangurslausar. Sé skiptum þessum enn ólokið vegna ágreinings um jörðina Syðribrú. Á skiptafundi 14. desember 1989 hafi því verið lýst yfir af hálfu lögmanns stefnenda, að stefnendur myndu höfða sjálfstætt mál til riftunar á hinni umdeildu sölu Snæbjörns Guðmundssonar á jörðinni Syðribrú. Sé mál þetta því höfðað.

Stefnendur reisa kröfur sínar um ógildingu eða riftun umrædds samnings á því, að seljanda hafi brostið heimild til að ráðstafa jörðinni, þar eð hann hafði ekki leyfi til setu í óskiptu búi.

Samkvæmt 5. gr. skiptalaga nr. 3/1878 hafi borið að taka bú Hildar H. Magnúsdóttur til opinberra skipta, en svo hafi eigi verið gert. Þá hafi hvorki verið veitt leyfi til einkaskipta á búinu né til setu í óskiptu búi.

Stefnendur telja, að eignir þær, sem runnu til búins eftir lát konunnar, hafi fallið til hins óskipta bús, eins og um formlega setu í óskiptu búi hafi verið að ræða, enda sé óeðlilegt að ætla, að seta í óskiptu búi án leyfis geti gert langlífari maka betur settan en ef um búsetuleyfi væri að tefla. Jörðin Syðribrú hafi því tilheyrt hinu óskipta búi og geri það enn, þar eð vanheimild Snæbjörns Guðmundssonar til sölu jarðarinnar leiði til þess, að meta verði söluna ógilda. Vísa stefnendur hér um til Hrd. 1980, 833.

Af hálfu stefnenda er því og haldið fram, að sala jarðarinnar til Guðmundar Snæbjörnssonar hafi nánast verið málamyndagerningur í því skyni að koma jörðinni hjá skiptum. Verð jarðarinnar hafi verið langt undir sannvirði, 550.000 krónur, en fasteignarmat hafi þá verið 1.708.000 krónur. Þá verði að líta til þess, að Snæbjörn hafi verið orðinn fjörgamall, þegar umrædd ráðstöfun hans var gerð, og nálgist hún að jafngilda dánar-ráðstöfun.

Þá vitna stefnendur til 15. gr. erfðalaga nr. 8/1962 um takmörkun á ráðstöfunarrétti langlífari maka yfir eignum óskipts bús, þegar um setu í óskiptu búi er að tefla.

Þá telja stefnendur, að samningur sá, sem hér er um fjallað, verði að teljast ógildur, með vísan til 33. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 3. gr. laga nr. 11/1986, en stefnendur telja ljóst, að stefnda Guðmundi hafi mátt vera ljós heimildarskortur föður síns til sölnnar.

Loks er því haldið fram af hálfu stefnenda, að þær hafi margsinnis mót-mælt sölu jarðarinnar og áskilið sér fyrir skiptarétti, að hún yrði dregin undir skipti á búi Snæbjörns Guðmundssonar.

III.

Að því er málavexti varðar, tekur stefndi Guðmundur fram, að engin tilraun hafi verið gerð af hálfu föður síns til að skipta dánarbúi Hildar Magnúsdóttur fyrr en 20. desember 1982. Þá hafi hann fengið Sigurð Sveinsson, lögmann á Selfossi, til að reikna út arfshluta barna sinna miðað við eignir í búinu árið 1939, sem framreiknaður hafi numið 3.747,10 krónum á hvert barn þeirra hjóna. Ávísanir þær, er lögmaðurinn sendi erfingjum, hafi ekki verið leystar út, að því er varðar stefnendur þessa máls.

Þá vísar stefndi til þess, að þegar móðir hans lést, hafi hann verið fimm og hálfs árs gamall. Hafi hann verið með föður sínum alla tíð frá andláti móður sinnar og þar til faðir sinn andaðist 19. júní 1984. Eftir að stefndi var orðinn fullorðinn, hafi hann rekið búið að Syðribrú við hlið föður síns. Hafi hann síðan ásamt eiginkonu sinni haldið heimili fyrir Snæbjörn Guðmundsson. Kveðst stefndi aldrei hafa þegið laun fyrir starf sitt, en hann hafi unnið við ræktun túna á jörðinni og reist þau hús, sem byggð voru á jörðinni eftir 1974. Sé þar átt við íbúðarhús og véla- og verkfærageymslu. Fasteignarmat á þessum húsum og hinu ræktaða landi hafi árið 1982 numið 1.356.000 krónum. Þannig hafi hann engu síður en Snæbjörn Guðmundsson staðið að uppbyggingu jarðarinnar.

Stefndi Guðmundur reisir kröfu sína um sýknu á því, að Snæbjörn Guðmundsson hafi eigi brostið heimild til þess að ráðstafa jörðinni, hvort sem hann sat í óskiptu búi eða ekki. Andvirði hinnar seldu jarðar hafi skilað sér til Snæbjörns og síðan til dánarbús hans, en samkomulag hafi verið að láta afborganir af veðskuldabréfi, sem gefið hafi verið út vegna sölnnar, bíða, þar til niðurstaða fengist í máli þessu, þannig, að búið eigi þar peninga.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að Snæbjörn Guðmundsson hafi fullnægt öllum skilyrðum til setu í óskiptu búi með ófjárráða börnum sínum. Ekkert af börnunum hafi notað sér heimild til að krefjast skipta á dánarbúi móður sinnar, eftir að þau urðu fjárráða, og megi því líta svo á, að þau hafi samþykkt það ástand, sem ríkti, og talið það jafngilda setu í óskiptu búi.

Þá vísar stefndi til þess, að Snæbjörn hafi skipt dánarbúi konu sinnar

20. desember 1982 og þá framreiknað arfshluta barna þeirra hjóna. Engin mótmæli hafi verið höfð uppi skriflega við þeirri ákvörðun hans, og það, að ávisanir þær, sem fylgdu tilkynningu um framkvæmd þessara skipta, hafi ekki verið leystar út, jafngildi ekki mótmælum vegna þeirrar tilhögunar, sem þar var á höfð. Telur stefndi, að umrædd skipti séu rétt, þar sem einhvers staðar hafi þurft að höggva á hnútinn og finna þær eignir, er til voru í febrúar 1939, og líta þannig á, að eftir þann tíma hafi allar viðbætur við eignir orðið séreign Snæbjörns, þar sem hann hafði ekki heimild til setu í óskiptu búi.

Kaupsamningur sá, sem hér er um fjallað, var gerður 26. júní 1982. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnendur hafi vitað um kaupsamning þennan, en aldrei mótmælt honum. Verði því að líta svo á, að með tómlæti sínu hafi þær samþykkt sölu jarðarinnar og ekki talið hana ósanngjarna á nokkurn hátt.

Loks bendir stefndi á skjöl, sem fram hafa verið lögð í málinu og sýna, að Snæbjörn Guðmundsson hafi gefið stefnendum lóðir, bæði eftir og áður en hann seldi stefnda jörðina Syðribrú. Við þessum gjöfum hafi stefnendur tekið og þá ekki dregið í efa heimild Snæbjörns til að ráðstafa eignum búins að þessu leyti.

IV.

Þegar Snæbjörn Guðmundsson gerði samning 26. júní 1982 við son sinn, stefnda Guðmund, um sölu á jörð sinni, Syðribrú í Grímsneshreppi, hafði hann ekki fengið leyfi skiptaráðanda til setu í óskiptu félags- og dánarbúi sínu og látinnar eiginkonu sinnar, Hildar Hansínu Magnúsdóttur. Jörðin tilheyrði hinu óskipta búi. Brast Snæbjörn því heimild til slíkrar ráðstöfunar á eign búins án samþykkis samerfingja, enda verður ekki litið svo á, að með því að stefnendur kröfðust eigi skipta á dánarbúi móður sinnar, eftir að þær urðu fjárráða, hafi réttarstaða föður þeirra þar með jafngilt því, að hann hefði formlegt leyfi til setu í óskiptu búi með þeim heimildum, sem því fylgja að lögum. Slík réttarstaða verður ekki heldur leidd af málsvikunum að öðru leyti.

Snæbjörn Guðmundsson lést 19. júní 1984. Fyrir liggur, að á skiptafundi í dánarbúi hans 14. desember 1984 lýsti lögmaður stefnenda þeim skilningi umbjóðenda sinna, að Snæbjörn Guðmundsson hefði skort heimild til þeirrar ráðstöfunar, sem um er fjallað í máli þessu. Málið var síðan til meðferðar í skiptaréttinum og þar þingað í því nokkrum sinnum, eftir því sem best verður séð, til að ná sáttum milli málssaðila. Í þinghaldi 14. desember 1989 var því síðan lýst yfir, að stefnendur hefðu ákveðið að höfða mál til riftunar á umræddum kaupsamningi. Það mál er hér til meðferðar, og var það þingfest 27. júní 1990. Þegar þetta er virt, hafa stefnendur ekki

sýnt slíkt tómlæti við gæslu þess réttar, sem þær sækja í málinu, að þær verði þar með taldar hafa fyrirgert honum.

Tilraun sú til skipta á dánarbúi Hildar H. Magnúsdóttur, sem áður er vikið að, hefur engin áhrif á úrlausn þess ágreiningsefnis, sem hér er til umfjöllunar.

Með því, sem nú hefur verið rakið, ber að fallast á aðalkröfu stefnenda og lýsa ógildan kaupsamning um jörðina Syðribrú í Grímsneshreppi frá 26. júní 1982 á milli stefnda Guðmundar Snæbjörnssonar og Snæbjörns Guðmundssonar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Þorgeir Ingi Njálsson, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan. Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Kaupsamningur um jörðina Syðribrú í Grímsneshreppi, Árnessýslu, frá 26. júní 1982 á milli Snæbjörns Guðmundssonar og Guðmundar Snæbjörnssonar er ógildur.

Málskostnaður fellur niður.
